

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir þjónustu sýslumanna utan hefðbundins vinnutíma og starfsstöðva nr. 610/2014.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo

Verði sýslumaður við framkominni ósk um þjónustu utan hefðbundins vinnutíma og/eða starfsstöðvar og ekki er kveðið á um í lögum að sýslumanni sé skylt að sinna slíkum verkum á þeim tíma eða stað, skal greitt sérstakt gjald fyrir slíka þjónustu samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Í stað tímans „16:00“ í 2. gr. gjaldskrárinnar kemur: 15:00.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjald fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir þjónustu eða vinnuframlag sýslumanns eða löglærðs fulltrúa hans utan hefðbundins vinnutíma og/eða starfsstöðvar er kr. 13.900.

4. gr.

Heiti gjaldskrárinnar verður: **Gjaldskrá fyrir þjónustu sýslumanna utan hefðbundins vinnutíma og/eða starfsstöðva.**

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 2023.